



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ um efnahags- og kjaramál

Íslenska þjóðin hefur orðið fyrir efnahagslegu áfalli. Frá því að bankarnir féllu í október 2008 hefur ein króna af hverjum tíu tapast út úr verðmætasköpun þjóðarbúsins. Heimilin eru í sárum; kaupmáttur hefur hrapað, atvinnuleysi er meira en við höfum þekkt á lýðveldistímanum og skuldir hafa hækkað mikið. Þetta er afleiðing óábyrgrar hagstjórnar og áralangs óstöðugleika.

Ársfundur ASÍ krefst þess að íslenskum heimilum og fyrirtækjum verði tryggður sami efnahagslegi stöðugleiki og er í þeim löndum sem best standa og við viljum bera okkur saman við. Forsendur þess eru traustur og stöðugur gjaldmiðill, ábyrg hagstjórn og traust. Þá gerir fundurinn kröfu um gegnsæi og siðvæðingu á öllum sviðum samfélagsins.

Það er forgangsverkefni að vinna bug á atvinnuleysinu og að almennt launafólk endurheimti fyrri lífskjör. Til þess verðum við að auka verðmætasköpun þjóðarbúsins með því að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem til staðar eru. Ísland er í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu, hér er mikill mannauður og velferðar- og menntakerfi sem hjálpar okkur að takast á við erfiðleika. Þá er mikilvægt að ýta undir nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki, auðvelda erlenda fjárfestingu, auka fullvinnslu innanlands og bæta markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu, og hugviti.

Ársfundur ASÍ beinir því til aðildarfélaganna að sameinast um samræmda launastefnu sem feli í sér almennar launahækkanir og jöfnun kjara. Þá krefst fundurinn þess að kaupmáttur launafólks vaxi í komandi kjarasamningum og að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar. Fundurinn telur mikilvægt að efnt verði til viðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarféлага á almennum og opinberum vinnumarkaði um það verkefni að auka kaupmáttinn og fjölga störfum. Forsendan fyrir slíkri viðtækri sátt og samvinnu er að lífeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð og að byggt verði upp traust milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Áherslur ASÍ:

Efnahagsmál

ASÍ gerir kröfu til að íslenskum heimilum og fyrirtækjum verð tryggður efnahagslegur stöðugleiki eins og er í þeim löndum sem best standa og við viljum bera okkur saman við.

- Forsendur stöðugleika eru:
 - Traustur og stöðugur gjaldmiðill.
 - Ábyrg hagstjórn.
 - Traust og trúverðugleiki.

ASÍ telur mikilvægt að takast á við aðsteðjandi vanda með því að efla verðmætasköpun.

- Efla nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki og auðvelda erlenda fjárfestingu
- Auka fullvinnslu innanlands og markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu, og hugviti

ASÍ gerir kröfu um gegnsæi og siðvæðingu í íslensku samfélagi.

Kjaramál

ASÍ telur mikilvægt að efnt verði til viðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarféлага á almennum og opinberum vinnumarkaði við það verkefni að fjölga störfum og auka og tryggja kaupmátt launafólks.

- Forsendan fyrir viðtækri sátt og samvinnu er:
 - Að traust ríki milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda
 - Að samstaða náist um samræmda launastefnu sem feli í sér almennar launahækkanir og jöfnun kjara
 - Að lífeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð

ASÍ krefst þess að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar

ASÍ bendir á að samningstími ráðist af innihaldi kjarasamninga, trausti og forsenduákvæðum